

Reykjavík, 13. október 2023

Framkvæmdaáætlun lagabreytinganefndar Stúdentaráðs starfsárið 2023-24

Lagabreytinganefnd Stúdentaráðs er ein af fastanefndum ráðsins. Hlutverk nefndarinnar lögum samkvæmt er að endurskoða lög Stúdentaráðs og Stúdentasjóðs, leggja fram breytingatillögur á fyrrnefndum lögum og sjá til þess að lögin séu aðgengileg, skýr, samræmd og tryggi skilvirkni í störfum ráðsins. Þá er hlutverk hennar einnig að veita stúdentum aðstoð við aðgang að lögum Stúdentaráðs og breytingum á þeim lögum. Framkvæmdaáætlun nefndarinnar snýr að því að uppfylla hlutverk nefndarinnar.

Nefndin er sérstök eðlis að því leyti að verkefni eru meira og minna tilfallandi, ólíkt því sem gengur og gerist almennt í störfum fastanefnda SHÍ. Framkvæmdaáætlun þessari er því ætlað að vera leiðbeinandi fyrir nefndina en að engu leyti skuldbindandi fyrir nefndina.

Nefndina skipa: Arent Orri Jónsson (forseti), Gréta Dögg Þórisdóttir, Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir og Valgerður Laufey Guðmundsdóttir.

Markmið og lagabreytingar

Markmið	Aðgerðir
Endurskoðun á lögum um Stúdentasjóð	Verkefninu lauk með fundi Stúdentaráðs þann 9. október 2023, en þá var breytingartillagan samþykkt í heild sinni.

Ábyrgðaraðilar: Öll nefndin - AOJ
Þessu á að vera lokið: 9. október 2023

Markmið	
Endurskoðun á lögum um Stúdentaráð	

Ábyrgðaraðilar: Öll nefndin
Þessu á að vera lokið: 1.mars 2024

Markmið	
Heildarúttekt á lögum og reglum Stúdentaráðs, mat lagt á hvernig megi straumlínulaga, samræma og efla.	

Ábyrgðaraðilar: Öll nefndin
Þessu á að vera lokið: 1. janúar 2024

Markmið	
Aðstoða þau sem vilja leggja fram lagabreytingatillögur.	

Ábyrgðaraðilar: Öll nefndin
Þessu á að vera lokið:

Reykjavík, 13. október 2023
 f.h. lagabreytinganefndar
 Arent Orri Jónsson